

56. fundur
Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps
haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
mánudaginn 22. nóvember 2010 og hófst hann kl. 16:30

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG), Ragnar Anthony Gambrell (RAG), Kristrún Guðjónsdóttir (KG), Eygló Hreiðarsdóttir (EH), Aðalsteinn Magnússon (AM),

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir ,

Fundargerð færð í tölvu af oddvita (EIS) 13.12.2010

Dagskrá:

1. 1012042 - Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda skv.lögum um grunnskóla og leiðbeiningar fyrir sveitarfélög á innra mati grunnskóla.

Lagt fram til kynningar.

2. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra

Skólastarfið hefur gengið vel og nefndi TPS samkenndu 1 - 4 bekkjar sérstaklega og engar kvartanir borist frá foreldrum vegna hennar. TPS bar þeim konum sem þar stjórna gott orð hvort sem það er kennari eða stuðningsfulltrúar.

GSB spurði eftir samstarfi við Listaháskólann. TPS sagðist ætla að heimsækja hann í mars og reyna að fá einhverja til okkar í æfingarkennslu. Danskennsla verður væntanlega eftir áramót. TPS er í sambandi við Ásrúnu danskennara.

Starfsmenn skólans hafa farið á fjögur símenntunarnámskeið það sem af er vetri.

Að skipta vetrinum í þrjár annir kemur mjög vel út þ.e.a.s. staða nemenda í námi er ljósari.

3. 1001015 - Önnur mál

Nefndin bjó til grind fyrir skólastefnu Tálknafjarðarhrepps. BB setur hana upp og sendir á nefndarmenn í tölvupósti og hver um sig heldur áfram að vinna með hana fyrir næsta fund.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50

<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>
<hr/>	<hr/>